



Hugmynd að dagskrá?

fyrir LÆKNADAGA

15. – 19. JANÚAR 2018

Peir sem vilja leggja til efni í dagskrá Læknadaga eru beðnir að fylla út umsóknarblað á innra neti Læknafélagsins og senda til Margrétar Aðalsteinsdóttur margret@lis.is fyrir 15. maí næstkomandi.

Læknafélag Íslands verður 100 ára 2018.
Læknadagar marka upphaf afmælisins.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Ilmur Stefánsdóttir (f. 1969) hélt nýverið einkasýningu í Listasafni Reykjavíkur þar sem hún sýndi nýja vídeóinnsetningu, **Panik**, 2017. Að því tilefni hélt hún erindi þar sem hún fór yfir myndlistarferil sinn sem hófst með textílnámi í Myndlista- og handiðaskóla Íslands á 10. áratugnum. Þaðan fór hún til framhaldsnáms í myndlist við Goldsmiths College í London sem hún lauk árið 2000.

Listsköpun Ilmar hefur haldist í hendur við farsælan feril sem leikmynda- og búningahönnuður. Þá hefur hún skapað vettvang þar sem heimur myndlistar og leikhúss blandast með frumlegum hætti, en það er í leikhópnum **Comm-nonsense** sem hefur staðið að ýmsum viðburðum. Myndin á forsiðu *Læknaþlaðsins* er stillimynd úr einu af fjölmörgum myndböndum af sýningunni **Panik**. Eins og sjá má á smámynd hér við hlið textans minnti sýningar-salurinn á byggingarsvæði þar sem súlur, rör, salthaugar og kór voru á við og dreif. Vídeóin voru síðan innan um allt þetta, varpað á loft, gólf og veggj eða laumað inn í sérsniðna loftræstistokka. Í öllum salnum ómaði verk-smiðjudynur þar sem var eins og færiband væru í gangi eða önnur iðntæki. Í hverju myndbandi var Ilmur sjálf, líkt



og sjá má á forsiðumyndinni, að hamast á einhverju verk-færi. Stundum var það súla sem hún sveiflaðist í kringum, á einum stað hljóp hún í risastóru hamsturshjól og á enn öðrum sté hún skref, hristi sig eða skók. Hvarvetna ríkti óvissa um hvort kom á undan og hvað á eftir: var konan að svara kalli tækjanna eða stjórna þeim, var sýningar-salurinn að hrúni kominn eða í uppbyggingu? Konan ónefnda á myndböndunum var óstöðvandi og ástandið í sýningarsalnum þrungið spennu og óþreyju. Innsetning Ilmar var í takt við hennar fyrri verk þar sem hún hefur skoðað samspil manns og umhverfis. Hún hefur gjarnan

sett sig í spor þess sem ekki kann á alvanalega hluti og farartæki, sýnt ljósmyndir og myndbönd þar sem hún prófar sig áfram með hluti sem hún hefur fundið eða tól sem hún setur sjálf saman. Eins var það í þessu nýjasta verki hennar þar sem manneskjan atti kappi við mann-gerða hluti og umhverfi í nokkurs konar tragíkómísku sjálfskaparvíti.

Markús Þór Andrésson

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Magnús Gottfréðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Haraldsson
Sigurbjörgur Kárason
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Hávar Sigurjónsson (í leyfi)
havar@lis.is
Þröstur Haraldsson

Auglýsingastjóri og ritari

Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1900

Prentun, bókkband og pökkun

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi



Áskrift

14.900,- m. vsk.
Lausasala
1490,- m. vsk.

© Læknaþlaðið

Læknaþlaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknaþlaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og HirsLuna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213